

Nd.

59. Frumvarp til laga

[35. mál]

um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

a. 9. töluliður 1. gr. laga nr. 19/1955 orðist svo:

*Austurlandsumdæmi:* Norður-Múlasýsla, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Berufirði.

b. Á eftir 9. tölulið 1. gr. laga nr. 19/1955 komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

*Hornafjarðarumdæmi:* Austur-Skaftafellssýsla og Búlandshreppur og Geithellnahreppur í Suður-Múlasýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var flutt frv. samhljóða þessu frv. Það var samþykkt óbreytt í Nd., en Ed. vísaði því frá með rökstuddri dagskrá.

Málið er nú borið fram að nýju.

Á síðasta þingi fylgdi frv. svo hljóðandi greinargerð:

„Þjónusta sú, sem dýralæknar veita, reynist bændastétt landsins mjög mikils virði. Eftir því sem árangur verður betri af kynbótum búfjár og fóðrun búpenings batnar, verða störf dýralækna æ nauðsynlegri fyrir bændastéttina.

Með lögum nr. 19/1955, um dýralækna, var dýralæknaumdæmunum í landinu fjölgað frá því, sem áður var. Þrátt fyrir það eiga Austur-Skaftfellingar mjög erfiða aðstöðu til þess að geta notið þjónustu dýralæknis. Umdæmi dýralæknis á Austurlandi nær yfir Múlasýslur, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu. Er það stærra landssvæði og torveldara yfirferðar en svo, að einn dýralæknir geti veitt þar fullnægjandi þjónustu. Dýralæknir á Austurlandi hefur aðsetur á Egilsstöðum. Á veturna er oft illfært þaðan til Hornafjarðar. En sá dýralæknir á Suðurlandi, sem næstur er Austur-Skaftfellingum, hefur aðsetur á Hellu í Rangárvallasýslu.

Í frv. þessu felst sú breyting á gildandi lögum um dýralækna, að Austurlandsumdæmi verði skipt, þannig að lögfest verði nýtt umdæmi, Hornafjarðarumdæmi, er nái frá Skeiðarársandi að Berufirði.“